

18. fundur húsnefndar Végarðs 17.01 2018 , kl. 13:00

Mætt: Gunnar Jónsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Einnig er mættur Hörður Guðmundsson húsvörður.

Gunnþórunn fór yfir viðburði sem voru í Végarði 2017. Leigutekjur voru kr. 644.734,-. Rætt var um píanó sem er í húsinu en fagmenn hafa sagt hljóðfærið ónothæft. Reynt hefur verið að spyrjast fyrir um tilurð hljóðfærisins , en án árangurs. Húsnefnd er samþykkt því að hljóðfærið verði fjarlægð. Lauslega var rætt um möguleg kaup á hljóðfæri í stað píanósins.

Farið var yfir viðhald á húsinu og viðhaldspörf. S.l. vor varð eyðilegðist varmadæla og tjón varð á hitatúpu við spennufall. Tjónið fékkst bætt að mestu leyti úr tryggingum Rarik. Rætt hefur verið um að kaupa leiktæki á lóð s.s. rólu. Húsnefnd samþykkir þær fyrirætlanir.

Forsvarsmenn Óbyggðasafnsins hafa óskað eftir að fá keypta gömlu tréstólana úr Végarði. Vitað er um 27 stk, þar af eru 22 stólar í láni í Óbyggðasetrinu. Húsnefnd er hlynnt því að selja/láta stólana.

Húsnefnd ræddi um að parket í samkomusal og trégólf á svið er gamalt og þunnt og verður ekki lakkað oftar. Húsverði falið að skoða ástand á gólfunum og hvað þurfi að gera til að skipta út gólfefni.

Hörður sagði frá því að hann hefði farið með rafvirkja og skoðað loftræstikerfi, ljósastaura o.fl. t.d. hvað væri hægt að gera til að koma í veg fyrir útslátt á öryggjum á rafmagni á tjaldstæðinu. Einnig voru skoðaðir möguleikar á kælingu í tækjarými.

Pantanir sem komnar eru í afnot á Végarði:

03/02, 10/03, 29-30/6,- 7-8/7, -13-15/7, 20-22/7, 18-19/8.

Gjaldskrá 2018

Helgarleiga kr. 67.000,-

Sólarhringur kr. 37.000,-

Dagsleiga/fundir kr. 7 -21.500,- eftir tímalengd

Þrif: Viðmið kr. 15.500,- 18.500,-

Rætt var um skil á húsinu að lokinni leigu og nauðsyn á að farið sé vel yfir þrif og annað. Einnig rætt um samspil leigu og samnings við Klausturkaffi, m.t.t. þrifakostnaðar.

Húsnefnd fór í skoðunarferð um húsið og kynnti sér aðstæður.

Hörður minntist á að hljóðkerfi slær út ef spilað er hátt. Prófa á að setja viftu til að athuga hvort hita á hljóðkerfinu sé um að kenna. Rætt um hvar eigi að setja upp körfuboltahring (sem til er) á lóðinni. Herði falið að finna heppilegan stað. Fyrirhugað er að skipta um rúður á sviði , þar ætti skv. teikningum að vera 1 brunaútgangur. Hörður skoðar hvaða lausnir eru á því.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)